

Lesi hratt og lesi mikið

Áfangalýsing

Leshraði skiptir máli þegar lesa þarf mikið, til dæmis þegar komið er í háskóla, en ekki er hægt að lesa allt jafnhratt ef það á að verða til árangurs. Valgreinin **Lesi hratt og lesi mikið** hefst á 4 vikna hraðlestrarnámskeiði en í kjölfar þess lesa nemendur margvíslega texta, íslenska sem erlenda, allt frá skáldskap til vísinda, og gera munnlega og skriflega grein fyrir sérhverju verkefni. Þá verða kennslustundirnar vinnutímar og einn dagur vikunnar notaður til að gera grein fyrir niðurstöðum. Leshraði verður mældur af og til svo og í lokin. Stutt lokapróf verður á próftíma þar sem nemendur gefa skýrslu, skrásetja reynslu sína og meta breytingar á lestrarlagi sínu.

Námsefni:

- Fjölur Ásbjörnsson og Guðni Kolbeinsson. 1994. Lestu betur, Leskaflar. Iðnú, Reykjavík.
- Sömu höfundar. 1999 Lestu betur, Verkefnabók. Iðnú, Reykjavík. (Bækur eru í eigu MA).
- Aðrar bækur að vali nemenda.
- Tekið skal fram að í áfanganum er miðað við að nemendur frumlesi bækur en ekki að þeir rifji upp gamlar bækur eða samnýti bækur í fleiri áföngum, til dæmis yndislestri.

Námsmat:

Árangur á leshraðaprófi í lok 4. viku 30%, árangur á leshraðaprófi í lokin 10% árangur og afköst í lestri bóka 30%, ástundun og stundvísi 10%, stutt lokapróf og skýrsla 20%

Kennsluáætlun:

2. vika 17. - 21. sept. Kynning áfangans, könnuð staða á leshraða, Fyrstu æfingar.
3. vika – 5. vika 24. sept. - 12. okt. Hraðlestraræfingar og skipulagning magnlestrar. Hraðlestrarpróf
6. vika, 15. - 19. okt. Bókalestur. Uppgjör á næsta mánudegi.
7. vika, 22. - 26. okt. Bókalestur
8. vika, 29. okt. - 2. nóv. Hún fer mestöll í vetrarfrí. Uppgjör á fimmtudegi 1. nóv.
9. vika, 5. - 9. nóv. Hraðlestarpróf mánudag 5. nóv. Bókalestur. Uppgjör á næsta mánudegi.
10. vika, 12.-16. nóv. Bókalestur. Uppgjör á næsta mánudegi.
11. vika, 19. - 23. nóv. Hraðlestrarpróf. Bókalestur. Uppgjör á næsta mánudegi.
12. vika, 26. - 30. nóv. Bókalestur. Uppgjör á næsta mánudegi.
13. vika, 3. - 7. des. Hraðlestrarpróf. Bókalestur. Uppgjör á næsta mánudegi.
14. vika, 10.- 14. des. Bókalestur.
15. vika, 17. - 20. des. Lokapróf. Lokauppgjör.
16. vika, 4. - 9. janúar 2013. Varadagar ef þarf.